

ORLOFSBLAÐ 2026



BÓKANIR

Punktastýrð úthlutun fer eftir orlofspunktaeign félaga. Á hverju tímabili gildir reglan „Fyrstur kemur, fyrstur fær“. Hún felur í sér að þeir félagsmenn sem hafa áunnið sér flesta orlofspunkta, þ.e. þeir sem eiga 400 – 1000 punkta geta byrjað að bóka á orlofsvefnum þann 17. mars. Þá geta þeir bókað og staðgreitt öll tilboð sumarsins. Þann 19. mars geta þeir sem eiga 250 – 1000 punkta bókað, o.s.frv.

Félagar í lífeyrisdeild geta sótt um á Orlofsvefnum eftir 7. apríl 2026 og geta þá bókað jafnt á við aðra.

Punktastýrð sumarleiga.

Sumarleiga opnar þessa daga á orlofsvefnum:

16. mars þeir sem eiga 400 – 1000 punkta

18. mars þeir sem eiga 250 – 1000 punkta

20. mars opnað fyrir alla félagsmenn, óháð punktastöðu.

ORLOFSVEFURINN

Rafræn innskráning á orlofsvef

Farið í flipann orlofsmál – velja innskráning á orlofsvef og þá opnast síða með rafrænni innskráningu. Félagsmenn þurfa annaðhvort að vera með rafræn skilríki í símanum sínum eða vera með Íslykil.

Þá eruð þið komin inn á orlofsvefinn og til að skoða og panta farið þið í bókanir, ýtið síðan laust á **LANDSVÆÐI** og veljið það og ýtið á **SÆKJA**. Smellið á daginn sem þið ætlið inn og síðan á daginn sem þið ætlið út og á **ÁFRAM**. Þá eruð þið komin í staðfestingu pöntunar og kemur þar fram hvaða daga og í hvaða hús þið ætlið, ýtið þá á **STAÐFESTA**. Að lokum þarf að slá inn kortanúmer og greiða til að pöntuninni sé lokið. Að lokum farið þið í **KVITTANIR** þar sem þið prentið út kvittunina þar sem kemur fram lykklakassanúmer á húsinu/íbúðinni.

Til að kaupa hótelmiða og flugmiða farið þið í **GJAFABRÉF**. Sést í þessum glugga hvaða hótelmiðar og flugmiðar eru í boði og gildistími miða. Þið veljið hótél og ýtið á **KAUPA**. Svo veljið þið hversu marga miða og svo staðfesta og greiða. Að lokum kortanúmerið og það er eins og með orlofshúsin, prentið út **KVITTUNINA** og afhendið á hótelinu. Þegar þið pantið hótélgingu skal taka fram að um stéttarfélagsmiða sé að ræða. Ekki kaupa gjafamiðana fyrir en rétt fyrir brottför þar sem þeir eru ekki endurgreiddir, ef þið forfallist og þurfið að afbóka herbergið.

VERÐSKRÁ

Orlofshús

Hámarksleiga 7 dagar í einu.

Nánari upplýsingar inn á orlofsvefnum.

Íbúðir

Hámarksleiga 7 dagar í einu.

Nánari upplýsingar inn á orlofsvefnum.

Annað

Veiðikortið 2026 til sölu á skrifstofu FOSS.

Útilegukortið 2026 til sölu á orlofsvefnum.

Aflsláttarmiðar í Kraumu fást á skrifstofu.

Aflsláttarmiðar í Skógarböðin fást á skrifstofu.

Aflsláttarmiðar í Vök Baths fást á skrifstofu.

Hótelgisting innanlands

FOSS hefur gert samning við eftirtalin hótél:

BERJAYA Iceland Hotels

Konvin Hotel

Hótel Selfoss

Hótel Vestmannaeyjar

Gistiheimili Keflavíkur

Íslandshótel

Centerhotels

Eddu-hótel

Hótel Norðurland

Hótel KEA

Hótel Keflavík

Hotel Aurora Keflavíkurflugvelli

Nánari upplýsingar um verð eru á orlofsvefnum.

Allar nánari upplýsingar um hótél
eru á heimasíðum viðkomandi hótela.

Gjafabréf

Icelandair selt á orlofsvefnum að andvirði 30.000 kr.

Sumarferðir/Úrval-Útsýn selt á orlofsvefnum
að andvirði 30.000 kr.

Heimsferðir selt á orlofsvefnum að andvirði 25.000 kr

Félagið áskilur sér rétt á að breyta verði.

ORLOFSPUNKTAR

- Félagsmenn ávinna sér 24 orlofspunkta á ári, þ.e. 2 punkta fyrir hvern unninn mánuð.
- Orlofspunktar stýra því hverjir komast fyrst að þegar um punktastýrða opnun er að ræða. (Flestir punktar=mestir möguleikar).
- Hægt er að skoða punktastöðu á ORLOFSVEFNUM.
- Punktastaða er uppfærð árlega áður en úthlutun fer fram.
- Allir virkir félagsmenn geta sótt um á úthlutunartímum þótt þeir eigi fáa eða enga punkta. Þá fer punktastaða viðkomandi í mínus.
- Félagar í lífeyrisdeild ávinna sér ekki punkta eftir starfslok.

REYKJASKÓGUR Í BISKUPSTUNGUM

Skógarsel



Skógarsel er í Reykjaskógi að Skógarbraut 7. Frábær sumarbústaður með tveimur svefnherbergjum, stofa, eldhús, svefnloft með einu rúmi. Einnig er gestahús með svefnaðstöðu fyrir tvo ásamt baðherbergi og eldunaraðstöðu. **Rúm-föt, tuskur og viskastykki þarf að taka með sér.** Leirtau fyrir 6 og öll nauðsynleg eldhúsáhöld eru til staðar. Einnig flatskjár, örbylgjuofn, barnaferðarúm og barnastóll. Stór og góð verönd með heitum potti, gasgrilli og útigeymslu. **Reykjaskógur er fyrsta beygja frá Brúará ef komið er frá Laugarvatni. Skilti er við afleggjara. Fyrsta beygja til hægri þegar land hækkar, þaðan fyrsta beygja til vinstri. Skilti með Foss merkinu er við afleggjara er liggur upp að húsinu. Reykingar bannaðar. Ekki heimilt að hafa gæludýr.**

Í næsta nágrenni: **Afþreying:**


Bátaleiga
á Laugarvatni
Gullfoss og Geysir
Kerið
Prastaskógur
Skálholt
Þjorsárdalur
Þjóðveldisbærinn
á Stöng
Hekla
Njálslóðir
Þingvellir

Bátsferðir
Seglbrettaleiga
Hestaferðir
Jöklaferðir
Söfn og sýningar

Golfvellir:

Laugarvatni
Ljósafosstöð
Öndverðarnesi
Golfklúbbur
Kíðjabergs
Selfossi
Hveragerði
Porlákshöfn
Úthlíð
Flúðum
Hellu

Sumar- og vetrarleiga.
Nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins
www.foss.bsrb.is



VEIÐIKORTIÐ



2 0 2 6

Veiðikortið er stílað á einn einstakling og þurfa korthafar að merkja kortið með kennitölu sinni í þar til gerðan reit. Kortið gildir fyrir einn fullorðinn og börn yngri en 14 ára í fylgd með korthafa

(sjá nánar veidikort.is).

Veiðikortin verða seld á skrifstofu FOSS

Nánari upplýsingar um veiðikortið eru á www.veidikortid.is

ÚTILEGUKORTIÐ



Útilegukortið veitir eiganda þess og maka og fjórum börnum undir 16 ára aldri fría gistingu á tjaldsvæðum samstarfsaðila Útilegukortsins

(sjá nánar á www.utilegukortið.is).

Hvert kort er takmarkað við 28 gistinætur.

Útilegukortið er í boði bæði sem plastkort eða rafrænt.

Kortið gildir til 15. september 2026

Útilegukortin verða seld á skrifstofu FOSS

Nánari upplýsingar um kortið eru á www.utilegukortid.is

MUNAÐARNES

Vörðuás 13



FOSS er með sumarhús í Munaðarnesi. Húsið er við Vörðuás nr. 13

Sumarhúsið er með tveimur svefnherbergjum. Hjónarúm er í báðum herbergjum. Allur venjulegur húsbúnaður, örbylgjuofn, flatskjár og barnastóll. Sængur og koddar á staðnum en rúm-föt, lök, handklæði, sápu, diskapurrkur, borðklúta, gólfklúta og wc pappír þarf að taka með sér.

Gasgrill og heitur pottur. Þráðlaust net. Félagsmaður greiðir sjálfur fyrir netsambandið.


Bannað er að hafa gæludýr í húsinu og einnig eru reykingar bannaðar.

Vetrarleiga.

Nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins
www.foss.bsrb.is



HÚSIÐ ER MJÖG BARNVÆNT OG GERT RÁÐ FÖR BARNAFJÖLSKYLDUM ÞAR.



2 gestir í þessum bústað fá að spila fritt hjá golfklúbbum Glanna gegn framvísun á samningi. Aðrir gestir spila á hálfvirkni.



Í næsta nágrenni:

Glymur
Snorralaus
í Reykholti
Surtshellir og
hellirinn Víðgelmir
Hraunfossar
Barnafossar í Hvítá
Hreðavatn
og Grábrók
Kvíahellir í Húsafelli

Afþreying:

Hellaskoðun
Sjótangaveiði
Snjósleðaferðir
Hestaferðir
Söfn og sýningar

Golfvelli:

Borgarnesi
Húsafelli
Akranesi
Glanna

Nýtt í Munaðarnesi

Fjórar rafhleðslustöðvar hafa verið teknar í gagnið í Munaðarnesi. Tvær stöðvar við áhaldahúsið og tvær stöðvar fyrir neðan Stekkjarhól.

KRAUMA



KRAUMA

Krauma - Heilsuböð
Deildartungu 3,
320 - Reykholti
Borgarfirði

Sími: 555 6066
www.krauma.is

Félagsmenn fá 15% afslátt í Kraumu fyrir sig og fjölskyldu sína, gegn framvísun á miða sem fæst á skrifstofu FOSS.

Eru þeir miðar afgreiddir á opnunartíma skrifstofunnar.

Takmarkaður gildistími.

FLUG TIL HORNAFJARÐAR

Niðurgreiðsla




Nánari upplýsingar á heimasíðu
félagsins www.foss.bsrb.is

FOSS niðurgreiðir flugið til og frá Hornafirði um kr. 13.000,-, hámark 5 skipti. Félagsmenn þurfa að senda okkur frumrit af greiðslukvittun og við leggjum inn hjá viðkomandi.

MUNAÐARNES

Hús nr. 15

Húsið er 47 fm með stofu, tveim svefnherbergjum, borðstofu, eldhús og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss er fyrir fimm manns.



2 gestir í þessum bústað fá að spila frítt hjá Golfklúbbnum Glanna gegn framvísun á samningi. Aðrir gestir spila á hálfvirði.

Nýtt í Munaðarnesi

Fjórar rafhleðslustöðvar hafa verið teknar í gagnið í Munaðarnesi. Tvær stöðvar við áhaldahúsið og tvær stöðvar fyrir neðan Stekkjarhól.

Vetrarleiga.
Nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins
www.foss.bsrb.is

Í næsta nágrenni: Aftþreying:


Glymur
Snorralaus
í Reykholti
Surtshellir og
hellirinn Víðgelmir
Hraunfossar
Barnafossar í Hvítá
Hreðavatn
og Grábrók
Kvíahellir í Húsafelli

Hellaskoðun
Sjóstangaveiði
Snjósleðaferðir
Hestaferðir
Söfn og sýningar

Golfvelli:

Borgarnesi
Húsafelli
Akranesi
Glanna

SKÓGARBÖÐ Í EYJAFIRÐI



Félagsmenn fá 15% afslátt í Skógarböðunum í Eyjafirði fyrir sig og fjölskyldu sína, gegn framvísun á miða sem fæst á skrifstofu FOSS.

Afsláttarmiðar í Skógarböð í Eyjafirði fást á skrifstofu. Eru þeir miðar afgreiddir á opnunartíma skrifstofunnar. Takmarkaður gildistími.

VÖK BATHS



Félagsmenn fá 15% afslátt í Vök Baths fyrir sig og fjölskyldu sína, gegn framvísun á miða sem fæst á skrifstofu FOSS.

Eru þeir miðar afgreiddir á opnunartíma skrifstofunnar. Takmarkaður gildistími.



Vök Baths er aðeins í nokkurra mínútna fjarlægð frá Egilsstöðum.

Vök við Urriðavatn, 701 Egilsstöðum
Sími 470 9500 www.vokbaths.is



AKUREYRI


Kjarnagata 33, íbúð 204

Íbúðin er 96 fm með 3 svefnherbergjum. Rúmstæði fyrir 6 manns auk þess er barnaferðarúm í íbúðinni. Baðherbergi með sturtu, þar inni eru líka þvottavél og þurrkari. Eldhús með hefðbundnum tækjum og borðbúnaði fyrir sex manns. Sængur og koddar fyrir 6 manns. Strauborð, straujárn og þurrkgrind eru í íbúðinni.

Bílastæði fyrir íbúðina er merkt 204. Vinsamlegast notið einungis bílastæði sem fylgir íbúðinni.

Ekki er heimilt að hafa ketti og hunda í húsinu. Bannað er að raska svefnfrið í húsinu frá miðnætti til kl. 7 að morgni.

Ekki má reykja né raf-reykja í íbúðinni.



Í næsta nágrenni: Afþreying:

Herðubreiðarlindir
Askja
Mývatn
Dimmuborgir
Hrísey
Möðruvellir
Síldarsafnið
á Siglufirði
Vaglskógur

Hvalaskoðun
Línuveiði
Sjóstangaveiði
Bátsferðir
Miðnætursiglingar
Söfn og sýningar

Golfvöllir:

Akureyri
Mývatni
Blönduósi
Ólafsfirði
Sauðárkróki
Húsavík

HÓTEL NORÐURLAND

Hotel Norðurland er staðsett á Akureyri. Hótelíð býður upp á sameiginlega setustofu, reyklaus herbergi, ókeypis WiFi hvarvetna á gistaðnum og bar. Herbergin á hótelinu eru með sjónvarpi, sér baðherbergi með sturtu og hárpurrku.

Menningarhúsið Hof er í 300 metra fjarlægð frá Hótel Norðurlandi. Akureyrarflugvöllur er 2 km frá gistaðnum.



Í næsta nágrenni: Afþreying:

Herðubreiðarlindir
Askja
Mývatn
Dimmuborgir
Hrísey
Möðruvellir
Síldarsafnið
á Siglufirði
Vaglakógur

Hvalaskoðun
Línuveiði
Sjóstangaveiði
Bátsferðir
Miðnætursiglingar
Söfn og sýningar

Golfvellir:

Akureyri
Mývatni
Blönduósi
Ólafsfirði
Sauðárkróki
Húsavík



HÓTEL
NORÐURLAND

HÓTEL KEA



Hótel KEA er eitt af þekktustu kennileitum Akureyrar og hefur haldið virðuleika sínum í gegnum árin. Hótel KEA er eina fjögurra stjörnu hótelíð á Akureyri og er staðsett í hjarta bæjarins þar sem stutt er í alla þjónustu, verslanir, söfn og veitingastaði.

EIÐAR

Hús nr. 16



Í bústaðnum er stofa, borðstofa og eldhús, svefnherbergi með svefnplássi fyrir 5 og 2 auka dýnur. Baðherbergi með sturtu. Í húsinu er borðbúnaður fyrir 8 manns.

Barnaferðarúm og barnastóll eru til staðar. Einnig sjónvarp, útvarp og gasgrill.

Árabátur og björgunarvesti fylgir húsinu og heimilt er að veiða í Eiðavatni.

Á Eiðum er 8 holu frísbíggolfvöllur.

Útleiga hefst í maí um leið og færð leyfir.

Sumar- og vetrarleiga.
Nánari upplýsingar
á heimasíðu félagsins
www.foss.bsrb.is



Í næsta nágrenni:

Gilsárfoss, hægt er að ganga frá Vattarnesvegi að fossinum.
Sandfell, 2-3 tíma gönguleið á fjallið.
Eyjan Skrúður.
Steinasafn Petru á Stöðvafirði.

Afþreying:

Fuglaskoðun
VÖK Baths heitar náttúrulaugar
Íslenska Stríðsarsafnið á Reyðarfirði
Sjóminjasafn Austurlands á Eskifirði
Skríðuklaustur í Valþjófsstað

Golfvellir:

Neskaupsstað
Egilsstöðum
Seyðisfirði
Eskifirði



KÓPAVOGUR

Lautasmári 1, 3. hæð. Íbúð 32 eign Stavey

Þriggja herbergja íbúð á 3. hæð í Kópavogi, (lyftuhús) Hjónarúm 180x200 í öðru herberginu en 140 m breitt rúm í hinu herberginu. Svefnsófi er í stofunni. Baðherbergi með baðkari. Eldhús og stofa í sameiginlegu rými. Þvottavél í geymslu.

Ekki er leyft að hafa gæludýr í íbúðinni og stranglega bannað að reykja.



Sumar- og vetrarleiga.
Nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins
www.foss.bsrb.is



Í nágrenninu:

Smáralind
Fjölskyldu-
og húsdýragarðurinn
Skautahöllin
Keila
Esjan
Heiðmörk
Leikhús

Golfvöllir:

Grafarholtsvöllur
Korpúlfsstaðavöllur
Víðistaðavöllur
Urriðavatnsvöllur
Nesvöllur
Setbergsvöllur
Hvaleyrarvöllur
Hlíðavöllur

REYKJAVÍK

Klapparstígur 5



Þriggja herbergja íbúð á jarðhæð á góðum stað í hjarta borgarinnar. Íbúðin telur 2 svefnherbergi, baðherbergi, eldhús og stofa í eitt og þvottahús í kjallara. Svefnpláss er fyrir 6 manns + ferðabarnarúm. Borðbúnaður er fyrir 8 manns. Sængur og koddar á staðnum en taka þarf rúmföt, handklæði, viskustykki og gólfuskur með sér. Þvottavél og þurrkari í kjallara. Engin bílastæði fylgja íbúðinni og er fólki bent á að kynna sér gjaldskyldu bílastæða í nágrenninu. Göngufæri er í Hörpuna, Þjóðleikhúsið og miðbæinn.

Ekki heimilt að hafa gæludýr í íbúðinni. Reykingar bannaðar.




Í nágrenninu:

Fjölskyldu-
og húsdýragarðurinn
Skautahöllin
Keila
Esjan
Heiðmörk
Leikhús
Harpa

Golfvöllir:

Grafarholtsvöllur
Korpúlfsstaðavöllur
Viðistaðavöllur
Urriðavatnsvöllur
Nesvöllur
Setbergsvöllur
Hvaleyrarvöllur
Hlíðavöllur



Sumar- og vetrarleiga.
Nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins
www.foss.bsrb.is

REYKJAVÍK

Ásholt 2



Íbúðin er að Ásholti 2 á fjórðu hæð.
Ásholtið er rétt fyrir ofan Hlemm.
Íbúðin er með einu svefnherbergi og stofu.
Svefnaðstaða er fyrir fjóra.
Allur nauðsynlegur húsbúnaður er á staðnum.
Sængur og koddar eru á staðnum en
sængurföt, handklæði og gólfuskur þarf
að taka með sér. Ekki er heimilt að hafa
gæludýr í íbúðinni. Reykingar bannaðar.
Í bílageymslu er númer bílastæðis 57.
Ekið er í bílageymslu frá Mjólnisholti.

Íbúðin hefur verið tekin í gegn og allt að
mestu nýtt og huggulegt þar inni.

Í nágrenninu:


Fjölskyldu-
og húsdýragarðurinn
Skautahöllin
Keila
Esjan
Heiðmörk
Leikhús

Golfvöllir:

Grafarholtsvöllur
Korpúlfsstaðavöllur
Víðistaðavöllur
Urriðavatnsvöllur
Nesvöllur
Setbergsvöllur
Hvaleyrauvöllur
Hlíðavöllur

Sumar- og vetrarleiga.

Nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins
www.foss.bsrb.is



MINNI BORGIR

Verður tekið í notkun veturinn 2026-2027

Nýtt!



Húsið er á Minni Borgum og verður tekið í notkun veturinn 2026-2027.

Húsið verður með fjórum svefnherbergjum og tveimur baðherbergjum.


Stofa og eldhús í einu rými.

Heitur pottur og grill.

Nánari upplýsingar um húsið og hvenær húsið verður tekið í notkun verður auglýst síðar á árinu.



HÓTEL SELFOSS



Hótel Selfoss er staðsett í hjarta miðbæjar Selfoss, á bökkum Ölfusár. Hótelíð er með 139 herbergi, sum þeirra með hjólastólaaðgengi og svefnsófa fyrir börn. Heilsulindin Riverside Spa gefur þér kost á að slaka á og njóta eftir strangan dag. Morgunverður er innifalinn í verðinu. Á hótelinu er Riverside Restaurant með fjölbreyttum matseðli. **Vetrarleiga / Vetrarverð.** ★★★★★

Nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins www.foss.bsrb.is



CENTERHOTELS

Centerhotels eru tvö glæsileg hótel staðsett í miðborg Reykjavíkur



Centerhotel Plaza, staðsett í elsta hluta Reykjavíkur við Ingólfstorg. Hótelíð er 3ja stjörnu og hentar einkar vel fyrir viðskipta- og skemmtiferðir. Hótel Plaza tekur vel á móti þér með afslöppuðu andrúmslofti og úrvalsþjónustu við allra hæfi.



Centerhotel Miðgarður



Centerhotel Miðgarður er ný viðbót í hótelleðjunni. Það er staðsett við Hlemm þar sem banki var áður. Það er mjög vel staðsett, hvort sem er í verslunar- eða menningarferð.

HÓTEL VESTMANNAEYJAR



Greitt er með einum gistimiða frá FOSS
Sumartími er 1. maí til 30. september þá gilda sumarverð. Vetrartími er 1. október til 30. apríl þá gilda vetraverð.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu félagsins
www.foss.bsrb.is



Í boði eru einstaklings herbergi og tveggja manna herbergi. Í öllum herbergjum er sér baðherbergi, sjónvarp og frítt WiFi. Morgunmat er innifalinn í verði bæði sumar og vetur. Hótel Vestmannaeyjar er staðsett í miðbæ Vestmannaeyja í nálægð við höfnina og þekkingarsetrið þar sem t.d. Sea Life Trust rekur sjávarsafn. Byggðasafn Vestmannaeyja er ekki langt frá hótelinu sem gaman er að skoða. Þar er hægt að heimsækja dæmigert verbúðarherbergi frá sjöunda áratugnum eða kíkja í „Hvitt tjald“ á þjóðhátíð. Eldheimar eru í góðu göngufæri frá fyrir hrausta og spræka göngugarpa. Fjöldi veitingastaða og úrvals bakarí í nágrenni við hótelið.

AIRPORT HÓTEL AURORA STAR

Keflavíkurflugvelli



Vel staðsett þriggja stjörnu hótél 100 metrum frá Keflavíkurflugvelli. Í boði eru tveggja manna- og þriggja manna herbergi með morgunmat. Tilvalin gisting þegar á að bregða sér til útlanda.

Sumar- og vetrarleiga.

EDDU HÓTEL

Miðar



Edduhótelin eru 3

**Hver miði gildir fyrir tvo
í tveggja manna herbergi.
Morgunmatur ekki innifalinn.**

Leyfilegt er að taka með sér börn
í herbergi án endurgjalds en þá þarf að
hafa svefnpoka meðferðis.



Bókunarsími 444 4570 og það er bara hægt að
bóka herbergi á Eddu hótélunum í gegnum þetta
símanúmer eða edda@hoteleda.is.

Hótel Edda Akureyri – Herbergi með handlaug

Hótel Edda Egilsstöðum – Herbergi með baði

Hótel Edda Höfn – Herbergi með baði

HÓTEL KEFLAVÍK



Hótel Keflavík er fyrsta flokks hótél í miðbæ Kefla-
víkur. Það hefur þótt kærkominn dvalarstaður fyrir
þá sem vilja hvílast vel áður en haldið er af stað til
annarra landa. Þaðan er aðeins um fimm mínútna
akstur að flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Glæsilegur morgunverður er veittur
árla morguns fyrir gesti hótelsins sem
þurfa að fara snemma í flug.

GISTIHEIMILIÐ HÓTEL KEFLAVÍK

Er beint á móti hótélinu en þar eru her-
bergi á lægra verði ásamt morgunmat
en hann er borinn fram á hótélinu.

**Nánari upplýsingar
á heimasíðu félagsins
www.foss.bsrb.is**

BERJAYA ICELAND HOTELS



BERJAYA ICELAND HOTELS

Félagar í FOSS geta einungis keypt miða á BERJAYA ICELAND HOTELS á veturna. Skylt er við bókun að tilkynna að viðkomandi sé með gistimiða. Að öðrum kosti er heimilt að rukka fullt verð. Miðinn gildir í „standard“ eins eða tveggja manna herbergi án morgunverðar í eina nótt.



- Reykjavík Natura
- Reykjavík Marína
- Berjaya Mývatn Hótel
- Berjaya Akureyri Hótel
- Berjaya Hérað Hótel
- Berjaya Höfn Hótel

Nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins
www.foss.bsrb.is

KONVIN HOTEL



Konvin Hotel er staðsett á Ásbrú rétt við Keflavíkurflugvöll.

Frí bílastæði við hótelið á meðan ferð stendur og flugskutla sér um að koma gestum milli flugvallar og hótelsins.

Nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins
www.foss.bsrb.is



HEIMSFERÐIR

Gjafabréf

Gjafabréfin gilda í allt leiguflug hjá Heimsferðum.

Gjafabréfin er hægt að kaupa á orlofsvef FOSS.

Verð gjafabréfa er 15.000 kr. gildir 25.000 kr.

ATH: ekki má nota bréfin upp í ferðir um jól og páska, golfferðir eða í áætlunarflug sem tengjast sérferðum.

Þegar ferð er bókuð þarf að hringja í Heimsferðir á skrifstofutíma og gefa upp gjafabréfsnúmerið. Það kostar ekkert auka að gera þetta svona.

Gjafabréfin fást ekki endurgreidd.

Gjafabréfin gilda í tvö ár frá útgáfudegi.

Nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins
www.foss.bsrb.is



ÚRVAL-ÚTSÝN / SUMARFERÐIR

Gjafamiðar

Hægt að nota einn miða í ferð, en heimilt er að kaupa 2 miða á ári.

Um er að ræða ferðir til Kanaríeyja, Ali-cante og Almería á Spáni og Mallorca.

ATH: Gjafabréfin gilda ekki í ferðir um jól og páska, golfferðir eða í áætlunarflug sem tengjast sérferðum.

Gjafabréfin er hægt að kaupa á orlofsvef FOSS, www.foss.bsrb.is Þar er farið inn á orlofsvefinn og síðan undir liðinn ávísanir.

Á gjafabréfinu er númer sem nota þarf þegar flug er bókað og greitt.

Gildir einungis fyrir félagsmenn.

Gjafabréfin fást ekki endurgreidd.

ÚRVAL  ÚTSÝN

Nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins
www.foss.bsrb.is
eða á skrifstofu FOSS

SUMAR  FERÐIR

ICELANDAIR

Gjafabréf



Gjafabréfið gildir sem greiðsla upp í fargjald eða pakkaferð í beinu áætlanarflugi til allra áfangastaða Icelandair. Þetta gjafabréf er handhafagjafabréf. Ef bókað er hjá sölumanni gilda reglur Icelandair um þjónustugjöld. Eftir útgáfu farseðils gilda reglur fargjaldsins um breytingar og fleira.

Gjafabréf selt á orlofsvefnum 21.000 kr. gildir 30.000 kr.

Upphæð gjafabréfa og verð á gjafabréfum getur tekið breytingum ef þess þarf á orlofsárinu.

Gjafabréfin er hægt að kaupa á orlofsvef FOSS.

Þar er farið inn á orlofsvefinn og síðan undir liðinn gjafabréf.

Á gjafabréfinu er númer sem nota þarf þegar flug er bókað og keypt.

Allar leiðbeiningar um notkun gjafabréfa eru á eftirfarandi tengli: <http://www.icelandair.is/offers-and-bookings/book-gift-certificate/instructions/>

Félagsmenn geta keypt sjö gjafabréf á ári.

Gjafabréfin gilda í fimm ár frá útgáfudegi.

Gjafabréfin fást ekki endurgreidd.

Nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins www.foss.bsrb.is

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS



ÍSLANDSHÓTEL gjafabréf

Gjafabréf gildir fyrir gistingu í standard tveggja manna herbergi með morgunverði í eina nótt á þriggja stjörnu Íslandshóтели að eigin vali.

Aukagjald: Maí: 5.000 kr. / Júní til og með september: 13.000 kr.

Gildistími: 4 ár frá útgáfudegi. Núna er hægt að velja um þrenns konar gistimiða hjá Íslandshótelum.

4 stjörnu hótél:

Við uppfærslu á eftirfarandi fjögurra stjörnu Íslandshótél greiðast aukalega 7.000 kr. (greitt við komu á hótél).

Grand Hótél Reykjavík
Hótél Reykjavík Centrum
Fosshótél Reykjavík
Fosshótél Glacier Lagoon

**Við uppfærslu á Hótél Reykjavík Saga greiðast aukalega 15.000 kr. (greitt við komu á hótél).*

Til að bóka gistingu sendið tölvupóst á gjafabref@islandshotel.is og mikilvægt að taka fram eftirfarandi:

*Greiðsla sé með gjafabréfi
Nafn, kennitala & númer gjafabréfs
Hótél og dagsætningu.*

Ef eftirfarandi upplýsingar liggja ekki fyrir í bókun, áskilja Íslandshótél sér rétt til að taka greiðslu af kreditkorti gests.

3 stjörnu hótél:

Fosshótél Lind	Fosshótél Húsavík
Fosshótél Rauðará	Fosshótél Vatnajökull
Fosshótél Barón	Fosshótél Austfirðir
Fosshótél Reykholt	Fosshótél Hellnar
Fosshótél Núpar	Fosshótél Vestfirðir
Fosshótél Stykkishólmur	Fosshótél Mývatn



Nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins www.foss.bsrb.is



Munið eftir að taka þetta með ykkur í orlofshúsið/íbúðina:

Mopputusku með frönskum rennilás
Tuskur og bréfaþurrkur eða servéttur
Handklæði + baðmottu fyrir baðherbergið
Sængurver og koddaver • Viskustykki
Handsápu og sturtusápu
WC pappír • Gúmmíhanska

Það er gott að taka með sér gólfsápu, uppþvottalög og alhreinsi,
ef þú nennir ekki að fara í sér ferð út í verslun, eftir þessu.

Við brottför:

Þrífa húsið þannig að það líti út eins og þú vilt taka við því

Þrífa eldavél og ofn • Þrífa grill • Þrífa heita pottinn

Borið hefur á að þetta sé ekki gert.

Gott umgengi er mjög mikilvægt.

Það er leiðinlegt að koma að orlofshúsunum skítugum.

Taka útvarp úr sambandi

Athuga hvort allir gluggar séu lokaðir og kræktir

Hurðir vel lokaðar og læstar

Lykillinn örugglega kominn í lyklakassa

Ísskápur stilltur á 2

Ekki taka hita af húsinu við brottför.